

**VMST-R/0413**

**Mat á búsvæðum laxaseiða í Laxá í Aðaldal**

**Guðni Guðbergsson**

**Desember 2004**


# Mat á búsvæðum laxaseiða í Laxá í Aðaldal

Guðni Guðbergsson

Desember 2004

VMST-R/0413

Skýrslan er unninn fyrir Veiðifélag Laxár í Aðaldal



## VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Vagnhöfði 7, 110 Reykjavík. Sími: 5676400 Fax: 5676420

[www.veidimal.is](http://www.veidimal.is)

[gudni.gudbergsson@veidimal.is](mailto:gudni.gudbergsson@veidimal.is)

## EFNISYFIRLIT

	bls.
Inngangur -----	1
Aðferðir -----	2
Niðurstöður -----	5
Umræður -----	8
Þakkarorð -----	10
Heimildir -----	11
Myndir -----	12
Viðauki -----	25

## Inngangur

Það mat á búsvæðum laxfiska í Laxá sem greint er frá í þessari skýrslu er byggt á mælingum á hlutfallslegri samsetningu botngerða á þversniðum í ánni. Í því er metin dreifing og gæði þess hluta botns innan árinna sem nýtist laxaseiðum sem búsvæði og því um að ræða kortlagningu á uppeldisskilyrðum. Í búsvæðamati er mælt flatarmál árbotnsins og hann flokkaður eftir botngerð (kornastærð) en margfeldi þessara stærða er mælikvarði á framleiðslugildi. Með því móti á að fást nákvæmara mat á stærð, gæði og dreifingu þess botns sem stendur undir framleiðslu laxa- og urriðaseiða í ánni.

Almennt er talið að þeir hrygningarstaðir sem lax velur sér sé með straumhraða frá 15 – 80 cm/sek. Sú kornastærð sem laxinn velur helst til hrygningar sé með þvermálið 2 - 10 cm. Hlutfall fingerðs efnis sé frá 2-8% til að tryggja aðgengi súrefnis að hrognunum. Það dýpi sem laxinn velur sér til hrygningar sé frá 17-82 cm (Keeley og Slaney 1996, Armstrong et. al 2003). Jafnframt hefur komið fram að stærri einstaklingar velja, eða geta nýtt sér grófara undirlag og meiri straum (Keeley og Slaney 1996, Armstrong et. al 2003, Moir et al. 1998).

Vænta má þess að búsvæðamatið nýtist þegar lagðar eru áherslur til verndunar og viðhalds laxastofna árinna. Í mörgum ám hefur mat á uppeldisskilyrðum laxa verið nýtt við gerð arðskrár þar sem það er lagt til grundvallar við skiptingu á hlutdeild einstakra jarða í seiðaframleiðslu ána. Í þeim ám, hér á landi, þar sem búsvæðamat hefur verið framkvæmt hafa komið fram tengsl milli stærðar og gæða framleiðslusvæða við laxveiði (Þórólfur Antonsson 2001). Vonir standa til þess að mat á búsvæðum laxaseiða nýtist til samanburðar við þéttleika og dreifing laxaseiða í ánni og við áherslur í fiskrækt innan vatnakerfisins (Guðni Guðbergsson 2004).

Laxá í Aðaldal er fiskgeng frá ósi við Skjálfandaflóa að Brúarfossunum. Laxá hefur verið álitin ein af bestu laxveiðiám landsins og hefur hún nokkra sérstöðu áa hér á landi vegna uppruna, legu og rennslishátta (Gísli Már Gíslason 1991, en eftirfarandi lýsing er byggt á grein Gísla). Laxá fellur úr Mývatni í þremur kvíslum en til Mývatns fellur vatn að mestu úr lindum. Mývatn er í 277 m hæð yfir sjó. Rennsli Laxár við ósa Mývatns er um 33m<sup>3</sup>/sek. Nokkru neðan útfallsins fellur Kráká til syðstu kvíslar Laxár og er rennsli hennar um 7m<sup>3</sup>/sek. Nokkru neðar fellur Sortulækur til Laxár en

hann á upptök í Sandvatni-ytra og er meðalrennsli hans um  $1\text{m}^3/\text{sek}$ . Um 4,5 km frá Mývatni fellur Helluvaðsá til Laxár og er rennsli hennar um  $3\text{m}^3/\text{sek}$ . Helluvaðsá fellur úr Arnarvatni en í það rennur Gautlandalækur sem á upptök í Sandvatni-syðra en þar heitir lækurinn Bjarnastaðalækur. Frá Helluvaði fellur Laxá um Laxárdal að Brúarfossu en þeir eru og hafa verið ófiskgengir. Í Laxá frá Mývatni að Brúarfossu er staðbundinn urriðastofn sem gefur umtalsverða og eftirsóttá veiði á staðbundnum urriða. Einstaka bleikja veiðist á því svæði. Í Aðaldal fellur Eyvindarlækur í Laxá en meðalrennsli hans er  $2,5\text{m}^3/\text{sek}$ . Eyvindarlækur fellur úr Vestmannsvatni en framan þess heitir hann Reykjadalssá sem á upptök á Mývatnsheiði. Mýrarkvísl fellur til Laxár þar sem hún breiðir úr sér við Mýrarná á mótis við bæinn á Laxamýri. Meðalrennsli Mýrarkvíslar er um  $5\text{m}^3/\text{sek}$  en Mýrarkvísl fellur úr Langavatni. Ofan þess er Geitafellsá og Kringlugerðisá sem fellur úr Kringluvatni. Neðan Mýrarná fellur Laxá í fossu, Æðarfossu, fram af fornum sjávarhömrum. Þar fyrir neðan fellur áin hallalítið um 2 km leið til sjávar í Sjálfandaflóa.

Laxá er lindá að uppruna og er rennsli hennar stöðugt árið um kring. Bakkar eru víðast hvar grónir niður að vatnsborði. Laxá og umhverfi hennar mótast mjög af hrauni en áin rennur ýmist í hrauntröð, á hrauni eða meðfram hraunjaðri. Hraun þetta kom upp í Þrengslaborgum og Lúdentaborgum fyrir um 2300 árum (Kristján Sæmundsson 1991). Hraunið sem nefnt hefur verið Laxárhraun er um  $220\text{ km}^2$  að flatarmáli og þekur mestan hluta þess sem nú er Mývatn en hraunið rann um Laxárdal og Aðaldal í sjó fram í Skjálfandaflóa. Hraunið setur mikinn svip á landslag í Aðaldal.

Vænta má þess að mælingar á stærð botnflatar, samsetningu hans og gildi fyrir laxfiska auki möguleika til og bæti túlkun á rannsóknnum á vistfræði laxins og stofnstærð hans í Laxá. Það gildi einnig að sama skapi fyrir urriðann í ánni.

### **Aðferðir**

Veiðimálastofnun hefur um nokkurra ára skeið þróað og notað kerfi til mats á gæðum búsvæða fyrir laxfiska og gefið út verklýsingu (Þórólfur Antonsson 2000). Þetta búsvæðamat styðst við og byggir á kerfum sem sett hafa verið fram af Caron og Talbot (1993) og Klemm og Lazorchak (1994).

Botnmatskerfið byggir á því að farið er með ánni og henni skipt í einsleita kafla. Á hverjum kafla er tekinn ákveðinn fjöldi þversniða og miðast að lágmerki við eftirfarandi reglu:

Ef kafla er allt að 600 m þá eru tekin að lágmarki 2 snið.

Ef kafla er allt að 1200 m þá eru tekin að lágmarki 3 snið.

Ef kafla er allt að 2400 m þá eru tekin að lágmarki 4 snið.

Ef kafla er allt að 4800 m þá eru tekin að lágmarki 5 snið.

Ef kafla er allt að 9600 m þá eru tekin að lágmarki 6 snið.

Á hverju þversniði var metin hlutfallsleg samsetning botngerða. Við mælingar var notuð álstöng með kvarða fyrir vatnsdýpt en á enda hennar var rammi 20x20 cm og hundraðshlutdeild botngerða innan rammans metinn. Til auðveldunar mats á kornastærð á botni var ramminn kvarðaður. Í botnmati Laxár var botn metinn á 5 metra bili á þversniði árinna. Fyrsti mælipunktur 1 m frá bakka og síðan á 5 metra bili eftir því sem utar dró. Mælt var í þversniði milli bakka nema ef dýpi var yfir 1 m eða að áin var óvæð vegna straumþunga. Þá var mælt frá báðum bökkum út að 1 m dýpi.

Botngerð var skipt eftir grófleika botngerða (tafla 1). Í Laxá var bætt við gildi fyrir vatnsdýpi meira en 1 m en dýpra var jafnan ekki hægt að mæla vegna dýpis og straums. Ekki er þekkt á hversu miklu dýpi framleiðsla laxaseiða minnkar. Í verklýsingu botnmats er gert ráð fyrir að vægi botngerða á meira dýpi en 1 m sé helmingað. Framleiðsla á meira dýpi en 1 m er erfitt að meta út frá tæknilegu sjónarmiði en almennt er talið að framleiðsla laxaseiða minnki verulega á dýpra vatni.

Vægi hvers flokks botngerða hefur verið metið út frá hlutfallslegum þéttleika laxaseiða á hinum ýmsu botngerðum í nokkrum ám (Þórólfur Antonsson 2000). Þessi skipting var notuð í Laxá fyrir utan að á meira dýpi en 1 metri var kallað “djúp” og gefið botngildið 0,015 eða botngildi klappar deilt með 2. Hægt er að uppreikna botnmatið ef upplýsingar koma fram um annað vægi botngerða.

Reiknað var meðaltal af mati mælipunkta innan hvers þversniðs og einnig tekið meðaltal af hverjum árkafli.

Tafla 1. Skipting botngerða eftir kornastærð og botngildi.

<b>Botngerð</b>	<b>Kornastærð</b>	<b>Botngildi</b>
Leir/sandur	<1 cm	0,02
Möl	1-7 cm	0,2
Smágrýti	7-20 cm	0,55
Stórgrýti	>20 cm	0,2
Klöpp	klöpp	0,03
Djúp*	Vatnsdýpi meira en 1 m	0,015

\* Djúp er notað í Laxá fyrir dýpi meira en 1 m.

Skipting Laxár í einsleita árkafla er sýnd á 1. mynd ásamt ca. staðsetningu á hverju sniði.

Á hverju sniði var mæld breidd árinna. Mælt var með fjarlægðarmæli sem byggir á leysigeisla tækni. (Leica rangemaster 900 scan). Fjarlægðarmælirinn mælir fjarlægðir með 1 m nákvæmni frá 9 – 600 m en ef fjarlægðir voru minni en 9 m var notað málband.

Staðsetning sniða var skráð með GPS hniti sem byggir á WGS 84 og staðsetning miðuð við fjarlægð í metrum frá 28° vestur og fjarlægð í metrum frá miðbaug. GPS gildi voru notuð til að mæla fjarlægðir milli sniða og hæð yfir sjó. Hæðartölur með GPS mælingum eru ónákvæmar og þær því leiðréttar eftir því sem hægt var eftir hæðarlínunum á korti Landmælinga Íslands í skalanum 1 : 50000.

Á hverju sniði var reiknað meðaltal botngerða í þversniðinu. Fyrir hvern einsleitan kafla var reiknað meðaltal sniða á svæðinu og jafnframt tekið meðaltal af breidd ár og dýpi. Meðaltöl af dýpi ber að taka með miklum fyrirvara því ef áin var óvæð var dýpi gefið gildið 1 m.

Framleiðslugildi hvers kafla var fundinn sem summa af margfeldi botngilda og meðaltalshundraðshluta botngerða. Flatarmál árkafla var fundið sem meðaltalsbreidd margfaldað með lengd kafla. Margfeldi framleiðslugilda og flatarmáls gefur fjölda framleiðslueininga (FE). En til að auðvelda samanburð framleiðslueininga árkafla er deilt með 1000. Til að auðvelda samanburð á gildi árkafla var reiknað framleiðslugildi á hvern lengdarmetra ár innan kafla. Fjarlægð milli sniða var ákveðin fyrirfram og fjarlægð milli þeirra mæld út frá GPS staðsetningu.

## Niðurstöður

Botnmat Laxár var framkvæmt dagana 28. júní til 1. júlí 2004.


Laxá var skipt í 10 kafla sem taldir voru nokkuð einsleitir. Heildarsamantekt á skiptingu árkafla, lengd þeirra og framleiðslugildi er gefið í töflu 2 og staðsetning þeirra merkt (1. mynd). Niðurstöður af mælingum einstakra sniða er gefin í töflum í Viðauka. Alls reiknast til að Laxá sé 2.369.370 m<sup>2</sup> á svæðinu frá ósi og að Laxárvirkjun. Á því svæði eru reiknaðar 16.650 framleiðslueiningar. Af einstökum árköflum fær árkaflí 2 flestar framleiðslueiningar á hvern lengdarmetra ár, en árkaflí 6 næst hæst. Hafa þarf í huga framleiðslueining er margfeldi botngerðar og flatarmáls og því getur árkaflí sem fær fremur lágt framleiðslugildi fengið margar framleiðslueiningar þegar tekið hefur verið tillit til flatarmáls árinna.

Tafla 2. Skipting Laxár í Aðaldal í einsleita árkafla, lengd þeirra, flatarmál árinna og uppreiknað vægi kafla í framleiðslugildi og framleiðslueiningar á hvern lengdarmetra ár.

Árkaflí	Meðal-dýpi* (cm)	Lengd (m)	Meðal-breidd (m)	Meðal-flatamál (m <sup>2</sup> )	Hlutfall botngerða (%) skipt eftirkomastærð ásamt margfeldisstuðli fyrir framleiðslugildi													Framleiðslueiningar (FE)			
					Leir/sandur <1cm	Möl x0,02	1-7cm x0,2	Smágrýti 7-20cm x0,2	Stórgrýti x0,55 >20cm	x0,2 Klöpp	x0,03 Djúp	x0,015	Framleiðslugildi (FG)	FG x m <sup>2</sup> /1000	Hlutfall FE í %	Framleiðslueiningar/m					
1	86,1	2000	180,3	360600	24,1	0,5	2,4	0,5	0,7	0,4	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	72,9	1,1	2,4	880	5,3	0,440
2	51,5	200	132,0	26400	30,7	0,6	24,4	4,9	45,0	24,8	30,0	6,0	5,0	0,2	0,0	0,0	0,0	36,4	961	5,8	4,804
3	94,7	2000	217,3	434600	98,9	2,0	0,5	0,1	0,2	0,1	0,9	0,2	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	2,4	1029	6,2	0,515
4	80,0	9000	56,9	512100	23,3	0,5	4,6	0,9	5,0	2,8	6,4	1,3	12,5	0,4	45,2	0,7	0,0	6,5	3313	19,9	0,368
5	84,6	4000	52,0	208000	20,9	0,4	2,0	0,4	8,2	4,5	8,7	1,7	7,3	0,2	56,7	0,9	0,0	8,1	1693	10,2	0,423
6	74,3	1200	187,0	224400	34,6	0,7	65,4	13,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	13,8	3090	18,6	2,575
7	56,8	1200	104,7	125640	59,5	1,2	3,7	0,7	20,7	11,4	11,6	2,3	1,5	0,0	0,0	0,0	0,0	15,7	1970	11,8	1,642
8	72,1	1100	62,4	68640	8,8	0,2	21,7	4,3	12,7	7,0	21,7	4,3	0,0	0,0	35,1	0,5	0,0	16,4	1123	6,7	1,021
9	52,1	5100	76,9	392190	8,9	0,2	5,6	1,1	9,2	5,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	6,4	2494	15,0	0,489
10	84,5	300	56,0	16800	0,7	0,0	9,0	1,8	1,4	0,8	7,1	1,4	37,7	1,1	43,1	0,6	0,0	5,8	97	0,6	0,324
<b>Samt.</b>		<b>26100</b>		<b>2369370</b>														<b>sannt.</b>	<b>16650</b>	<b>100,0</b>	<b>0,638</b>

\* Þar sem dýpi var meira en 1 m var reiknað með því í meðaltali. Meðaldýpi gefur því ekki rétta mynd af meðaldýpi árinna.





1. mynd. Kort af Laxá í Aðaldal. Skipting árinna í árkafli í botnmati eru merktir inn á kortið. Kortið er unnið af og gefið út af kortagerð bandaríska varnarmálaráðuneytisins og Landmælingum Íslands.

Árkaflí 1 er frá ósi Laxár að breiðunni neðan Æðarfossa (2. mynd). Á þessu svæði er áin breið og fellur að mestu á sandi. Líklegt er að sjávarfalla gæti á þessum kafla. (Fjöldi mældra þversniða 4, lengd árkafla 2000m).

Árkaflí 2 er neðan Æðarfossa þar sem straumur vex og nálgast Æðarfossa. Þar er nokkuð álitlegur framleiðslubotn fyrir laxaseiði (3. mynd). Þegar nær dregur fossinum verður undirlagið grófgrýttara (4. mynd) og næst fossunum er klöpp (5. og 6. mynd) (Fjöldi mældra þversniða 2, lengd árkafla 200m).

Árkaflí 3 er frá Æðarfossunum að Heiðarenda. Á því svæði er Mýrarvatn en þar breiðir áin úr sér og er sendin í botninn (7. mynd). Lítið er af grófara efni í bökkum. (Fjöldi mældra þversniða 3, lengd árkafla 2000m).

Árkaflí 4 er frá Heiðarenda og upp fyrir túnin í Árbót ámóts við neðsta veiðisvæði í landi Tjarnar. Þetta svæði er lengsta einsleiti árkaflí Laxár í botnmatinu. Á þessum árkafla er áin víðast nokkuð straumhörð og í stökk á milli hrauns að vestanverðu og hlíðar að austanverðu. Áin er víðast djúp á þessum kafla og lítið um brot og hentugur framleiðslubotn fyrir seiði laxfiska er helst á mjórri ræmu við bakka og á stöku broti við horn sem standa inn í farveginn auk þess er framleiðslubotn í stöku kvíslum við hólma (8. til 14. mynd) (Fjöldi mældra þversniða 9, lengd árkafla 9000m).

Árkaflí 5 tekur við neðst í landi Tjarnar. Þar fyrir ofna þrengist Laxá og verður nokkru stríðari auk þess sem meira ber á klöpp og klapparflúðum í ánni. Árkaflí 5 nær upp að Daufhyl (myndir 14-16) (Fjöldi mældra þversniða 5, lengd árkafla 4000m).

Frá Daufhyl og að Grástraumi fellur Laxá um hallalítið land og er straumur minni og sandur í botni (17. mynd). Þetta svæði er kallað árkaflí 6 (sbr. töflu 2) (Fjöldi mældra þversniða 3, lengd árkafla 1200m).

Frá Grástraumi að Vaðhólma (árkaflí 7) eykst halli á landi og straumur Laxár einnig. Botn verður grófari þótt nokkuð sé um sand. Á þessu svæði fellur Laxá milli inn á hraun- og sandhóla 18. og 19. mynd (Fjöldi mældra þversniða 3, lengd árkafla 1200m).

Ofna við Vaðhólma og að Óseyri (árkaflí 8) fellur Laxá um hallameira land og þar eykst straumur. Botn er verður grófari og dýpi víðast innan við 1 m og vætt milli bakka (20. mynd). Á þessu svæði er grýttur hraunbotn (21. mynd) (Fjöldi mældra þversniða 5, lengd árkafla 1100m).

Árkaflí 9 er frá Óseyri að Eiríkskletti. Á þessu svæði er áin fremur hallalítill, breið og sendin (22. mynd). Aðeins er af steinum í bökkum og stöku seinn úti í ánni. Undantekning frá þessu er Hraunsstífla en þar þrengir að ánni og straumur eykst (Fjöldi mældra þversniða 5, lengd árkafla 5100m).

Frá Eiríkskletti að Laxárvirkjun er árkaflí 10. Þar fellur Laxá straumhörd í hrauntröð á klapparbotni með einstaka stórum steini neðantil (23. mynd). Botnmatið tók til svæðisins að útfalli neðstu virkjunar Laxár. Ofan þess er vatnsrennsli mismikið eftir rekstri virkjunarinnar (24. mynd) (Fjöldi mældra þversniða 4, lengd árkafla 300m).

Hæðarprófill af vatnakerfum segir til um hversu mikið botn hækkar miðaða við fjarlægð frá sjó. Þar sem halli prófilsins er mestur er einnig mestur straumhraði (25. mynd).

## Umræður

Botnmat Laxár gefur nokkuð góða mynd af skiptingu árinna í mismunandi búsvæði og mikilvægi þeirra til uppeldis laxaseiða. Botnmatið hefur ekki þá upplausn að geta tekið tillit til vægis einstakra lítilla svæða innan árkafla enda vega þau hlutfallslega lítið í heildarframleiðslumyndinni. Við botnmatið er alfarið stuðst við gerð árinna án tillits til veiðisvæða eða landamerkjja. Ef þörf er á að nálgast hlutfall framleiðslueininga einstakra jarða af heildarfjölda framleiðslueininga í Laxár má gera slíkt t.d. með því að marfalda meðalfjölda framleiðslueininga sinnum lengd lands innan viðkomandi kafla.

Í botnmatinu er stuðst við þá flokkun sem gerð hefur verið á búsvæðum í öðrum ám hér á landi. Það matskerfi er byggt á erlendum fyrirmyndum og staðfært. Ekki hafa farið fram beinar athuganir á vali lax og urriða á hrygningarsvæðum í Laxá. Slíkt gæti þó talist mikilvægt ekki síst þar sem áin rennur að mestu á eða meðfram

hrauni en slíka botngerð er óvída að finna og ekki vitað til að lax finni sér búsvæði við slíkar aðstæður utan Íslands.

Sýnt hefur verið fram á að stórir einstaklingar velja eða finna sér búsvæði í meiri straum, grófara undirlagi og dýpra vatni en smáir (Keeley og Slaney 1996, Armstrong et. al 2003, Moir et al. 1998). Breytingar á aldurssamsetningu og stærð laxa, eins og þær sem komið hafa fram í Laxá vegna fækkunar smálaxa (Guðni Guðbergsson 2004), gætu orðið til þess að breytingar geti komið fram á nýtingu laxa á ákveðnum svæðum innan árinna. Vert er að fylgjast með þessum breytingum og áhrifum þeirra í nánustu framtíð.

Þar sem mikill breytileiki er á botngerðum innan vatnakerfis Laxár er vatnakerfið kjörinn vettvangur til frekari rannsókna á svæðanotkun laxa og urriða. Breytileiki á botngerðum er bæði að finna innan Laxár og einnig í þeim mun sem er á milli hennar og hliðarána sem kemur fram í botngerðum og vatnsrennsli.

Hafa þarf í huga að botnmatið er framkvæmt samkvæmt fyrirfram mótuðum aðferðum. Ef forsendur breytast t.d. vegna nýrra upplýsinga um innbyrðis vægi einstakar botngerða er mögulegt að enduruppreikna matið.

Samanburður á prófil og búsvæðum Laxár gefur til kynna að þar sem halli lands er lítill breiðir áin úr sér og þar er botn sendinn. Á straummeiri köflum er botninn grófari og minna af sandi í botni.

Í botnmatinu kemur fram að þau svæði sem hafa lágt framleiðslugildi geta fengið margar framleiðslueiningar ef áin er mjög breið á þeim kafla. Í þeim tilfellum þar sem ár falla um stór straumlaus svæði sem talist geta lítil vötn getur verið ástæða til að draga þá kafla frá heildarfjölda framleiðslueininga. Slíkt gæti átt við varðandi árkafla 3 og árkafla 6. Frekari rannsóknir á útbreiðslu og not laxaseiða af þessum svæðum ætti að geta leitt slíkt í ljós. Á móti getur komið að stórir lygnir árkaflar eða vötn geta framleitt þörungum og/eða fæðudýr sem nýst geta sem fæða laxaseiða á árköflum neðan þeirra.

Það er mat höfundar eftir framkvæmd og úrvinnslu þessa botnmats að ekki verður komið auga á stór svæði sem nú eru hulinn sandi sem myndu nýtast ef sandburður Laxár minnkaði. Slík svæði sem til staðar eru vega tæpast mjög þungt í framleiðslu laxaseiða því á þeim svæðum sem sandur er til staðar er líka minni straumur. Laxaseiði velja sér fremur straummeri staði. Þótt sandburður sé nokkur í Laxá verður ekki séð að hún sé að setja af sér sand og hlaða honum upp í farveginum heldur flytur hún það sem á ferðinni er til sjávar.

Við undirbúning botnmatsins var tekið fram að það tekur eingöngu til Laxár sjálfrar. Til að fá mat á allt vatnakerfið þarf einnig að taka með hliðarár hennar Mýrarkvísl og Reykjadalssá en hluti af þeim laxi sem gengur um ósa Laxár er ættaður úr þeim (Guðni Guðbergsson 2004). Því er mikilvægt að taka einnig tillit til hliðaráanna þegar vægi búsvæða vatnakerfisins er skoðaða í heild sinni. Mat á búsvæðum þeirra hefur ekki farið fram. Höfundur telur afar brýnt að slíkt mat fari fram.

Nokkuð hefur verið gert af því í Laxá á bæta búsvæði með því að setja grjót (kornastærð 10-40 cm í ána. Slík tilbúin búsvæði geta verið til bóta fyrir framleiðslu laxaseiða í ánni og hafa rannsóknir sýnt að þau geta aukið þéttleika seiða allt að því tífalt (Tumi Tómasson 1989).

Búsvæðamat Laxár tekur ekki beint tillit til greiningar og stærð á hrygningarsvæðum. Kortlagning þeirra þyrfti að fara fram og þá bæði með því að nálgast þær upplýsingar hjá bændum sem fylgst hafa með og þekkja hrygningarstaði í ánni og einnig að kortleggja slíkt með beinum athugunum á hrygningartíma og á dreifingu vorgamalla seiða t.d. í rafveiðum.

Ekki verður farið hér út tengingu og túlkun búsvæðamatsins við aðrar rannsóknir sem gerðar hafa verið í Laxá. Það verður látið bíða árlegra skýrslna um ástand laxastofna Laxár. Vonast er til þess að botnmatið nýtist þar við samanburð á mörgum þáttum t.d. varðandi innbyrðis dreifingu búsvæða og tengingu við þéttleika og stærðir seiða. Einnig varðandi stærð og gæði búsvæða með tilliti til fjölda hrogna sem hrygnt er í Laxá og þéttleika þeirra á hverja flatareiningu ásamt fleiri vistfræðilegra þátta.

### **Þakkarorð**

Högni Harðarson aðstoðaði við gerð botnmatsins, Ingi Rúnar Jónsson og Sumarliði Óskarsson við gerð mynda. Friðþjófur Árnason las skýrsluna yfir í handriti og færði margt til betri vegar. Þessum aðilum kann ég bestu þakkir fyrir.

## Heimildir

Armstrong, J.D., Kemp, P.S., Kennedy, G.J.A., Ladle, M., Milner, N.J. 2003. Habitat requirements of Atlantic salmon and Brown trout in rivers and streams. *Fisheries Research* 62. 143-170.

Caron, F. og Talbot, A. 1993. Re-evaluation of habitat classification criteria for juvenile salmon. Bls 139-148. Í R.J. Gibson og R.E. Cutting (ritstj.). *Production of juvenile Atlantic salmon, Salmo salar, in natural waters. Can. Spec. Publ. Fish. Aquat. Sci.* 118.

Guðni Guðbergsson 2004. Laxá í Aðaldal 2003. Seiðabúskapur, endurheimtur gönguseiða og veiði 2003. Veiðimálastofnun, VMST-R/0416. 34 bls.

Gísli Már Gíslason 1991. Lífið í Laxá. Í: Náttúra Mývatns. Bls. 219-235. Arnþór Garðarsson og Árni Einarsson (ritstj.). Hið íslenska náttúrufræðifélag, Reykjavík.

Keeley, E.R., og Slaney, P.A. 1996. Quantitative Measures of Rearing And Spawning Habitat Characteristics For Stream-Dwelling Salmonids: Guidelines For Habitat Reatoration. Watershed Restoration Project Report No. 4. Ministry of Enviornment, Lands and Parks and Misistry of Forests. British Coulumbia. 29 bls.

Klemm, D.J. og Lazorchak (ritstj.). 1994. Enviornmental monitoring and assessment progaram – Surface water 1994 streams pilot field operations and methods manual. Cincinnati, Ohio. 93 bls.

Kristján Sæmundsson 1991. Jarðfræði Kröflukerfisins. Í: Náttúra Mývatns. Bls. 24-95. Arnþór Garðarsson og Árni Einarsson (ritstj.). Hið íslenska náttúrufræðifélag, Reykjavík.

Moir, H.J., Soulsby, C., og Youngson, A. 1998. Hydrolic and sedimentary characteristics of habitat utilized by Atlantic salmon for spawning in the Girnock Burn, Scotland. *Fisheries Management and Ecology* 5. 241-254.

Tumi Tómasson 1989. Laxá í Aðaldal 1988. Veiðimálastofnun, VMST-N/89011. 24 bls.

Þórólfur Antonsson 2000. Verklýsing fyrir mat á búsvæðum seiða laxfiska í ám. Veiðimálastofnun, VMST-R/0014. 10 bls.

Þórólfur Antonsson 2001. Mat á búsvæðum laxaseiða í Hofsa. Veiðimálastofnum VMST-R/0118. 14 bls.





2. mynd. Laxá í Aðaldal ofan við ós við Sjálfanda



3. mynd. Breiðan neðan Æðarfossa.



4. mynd. Breiðan neðan Æðarfossa séð til vesturs.



5. mynd. Æðarfossar í Laxá í Aðaldal.





6. mynd. Kistukvísl í Laxá í Aðaldal.



7. mynd. Mýrarvatn í Laxá í Aðaldal. Bærinn á Laxamýri er í baksýn.



8. mynd. Laxá fyrir neðan brúna á Þjóðvegi en það er neðst á árkafla 4.



9. mynd. Laxá neðarlega á árkafla 4.



10. mynd. Laxá á ca. miðjum árkafla 4. Bærinn á Núpum er í baksýn.



11. mynd. Laxá nokkru ofna við Núpafoss.





12. mynd. Mynd af árkafla 4 við bæinn Knútsstaði.



13. mynd. Dæmi um framleiðslusvæði laxaseiða í Laxá á árkafla 4. Hér eru búsvæði fyrir uppeldi laxaseiða á broti með bakka við land.



14. mynd. Laxá efst á árkafla 4. Þar fyrir ofan tekur við kafli 5.



15. mynd. Neðsti hluti árkafla 5. Hér þrengist Laxá og straumur eykst.





16. mynd. Svæði sem er dæmigert fyrir árkafla 5.



17. mynd. Laxá ofna Daufhýls.



18. mynd. Veiðimaður að laxveiðum við Grástraum.



19. mynd. Laxá við Vaðhólma.





20. mynd. Laxá við Hólmavað.



21. mynd. Grjótbotn við Hólmavað.




22. mynd. Laxá á árkafla 8 á móts við bæinn Múla.



23. mynd. Laxá neðan Laxárgljúfra við Eiríksklett. Þar fyrir neðan minnkar straumur áin breiðir úr sér.



24. mynd. Laxá í Laxárgljúfrum í hrauntröðinni þar sem útfallsskurður Laxárvirkjunar nær út í farveg Laxár.



25. mynd. Prófill af hæð Laxár yfir sjó.

**Viðauki**

Mæligildi einstakra þversniða í botnmati Laxár í Aðaldal. Teknar eru saman í töflur yfir mælingar á einstökum sniðum ásamt reiknuðu meðaltali sniða hvers árkafli. Gefnar eru staðsetningar þversniða (GPS), samsetning botngerða og breidd ár.

Árkafli 1 frá ósi að breiðu neðan Æðarfossa

Staðsetning 28W 0390262  
UTM 7320971

Breidd ár (m) 59

Árkafli	Snið	Fjarlægð frá bakka (m)	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	56	61	Meðaltal
		Dýpi cm	21	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	21	1	80,2
1	1	Leir/sandur	100	90	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	90	29,2
		Möl < 7cm	0	10	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10	0	1,54
		Smágrýti 7-20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Stórgryti >20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Klökk	0	0	100	100	100	100	100	100	100	100	100	0	0	69,2

Staðsetning 28W 0390113  
UTM 7320583

Breidd ár (m) 236

Árkafli	Snið	Fjarlægð frá bakka (m)	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	56	61	66	71	76	81	86	91	96	101	106	111	116	121	126	131	
1	2	Dýpi	15	30	30	20	10	30	36	46	55	68	85	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
		Leir/sandur	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Möl < 7cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Smágrýti 7-20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Stórgryti >20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Klökk	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100

Staðsetning 28W 0389792  
UTM 7320232

Breidd ár (m) 214

Árkafli	Snið	Fjarlægð frá bakka (m)	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	56	61	66	71	76	81	86	91	96	101	106	111	116	121	126	131	
1	3	Dýpi	22	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
		Leir/sandur	70	100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Möl < 7cm	30	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Smágrýti 7-20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Stórgryti >20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Klökk	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Djúp	0	0	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100

Staðsetning 28W 0390147  
UTM 7320194

Breidd ár (m) 212

Árkafli	Snið	Fjarlægð frá bakka (m)	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	56	61	66	71	76	81	86	91	96	101	106	111	116	121	126	131	
1	4	Dýpi	35	98	72	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
		Leir/sandur	100	100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Möl < 7cm	0	0	70	70	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Smágrýti 7-20cm	0	0	30	30	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Stórgryti >20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Klökk	0	0	0	0	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100

Árkafli Snið

1	1	2	3	4	Meðaltal	
	Snið	1	2	3	4	Meðaltal
	Dýpi	80,2	71,9	96,5	95,6	86,1
	Leir/sandur	29,2	50	7,73	9,3	24,1
	Möl < 7cm	1,54	0	1,36	6,51	2,4
	Smágrýti 7-20cm	0	0	0	2,79	0,7
	Stórgryti >20cm	0	0	0	0	0,0
	Klökk	0	0	0	0	0,0
	Djúp	69,2	50	90,9	81,4	72,9
	Breidd ár	59	236	214	212	180,3

**Árkafli 2 Breiða neðan Æðarfossa**

**Staðsetning** 28W 0390202  
UTM 7320217

**Breidd ár (m)** 154

Árkafli	Snið	Fjarlægð frá bakka (m)	1	6	11	16	21	26	31	36	Meðaltal
2	1	Dýpi cm	32	40	35	35	35	30	32	25	33
		Leir/sandur	100	20	100	80	20	100	30	0	56,3
		Möl < 7cm	0	80	0	20	80	0	70	100	43,8
		Smágrýti 7-20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Stórgrýti >20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Klöpp	0	0	0	0	0	0	0	0	0

**Staðsetning** 28W 0390301  
UTM 7320217

**Breidd ár (m)** 110

Árkafli	Snið	Fjarlægð frá bakka (m)	2 *
2	2	Dýpi cm	70 *
		Leir/sandur	5 *
		Möl < 7cm	5 *
		Smágrýti 7-20cm	45 *
		Stórgrýti >20cm	30 *
		Klöpp	5 *
		Djúp	10 *

\* tölur á sniði áætlaðar

Árkafli	Snið	1	2	Meðaltal
2	1 til 2	Snið	1	2
		Dýpi	33	70
		Leir/sandur	56,3	5
		Möl < 7cm	43,8	5
		Smágrýti 7-20cm	45	45,0
		Stórgrýti >20cm	30	30,0
		Klöpp	5	5,0
		Djúp	10	10,0
		Breidd	154	110
				132,0

## Árkafli 3. Mýrarvatn, frá Æðarfossu að Heiðarenda.

Staðsetning 28W 0390471  
UTM 7319782

Breidd : (m) 180

Árkafli	Snið	Fjarlægð frá bakka (m)	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	56	61	66	71	76	81	86	91	96	101	106	111	116	121	126	131
3	1	Dýpi	10	45	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
		Leir/sandur	70	0	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
		Möl < 7cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Smágrýti 7-20cm	30	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Stórgrýti >20cm	0	100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Klökk	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Djúp	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Staðsetning 28W 0390373  
UTM 7319333

Breidd : (m) 247

Árkafli	Snið	Fjarlægð frá bakka (m)	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	56	61	66	71	76	81	86	91	96	101	106	111	116	121	126	131
3	2	Dýpi	28	88	75	50	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
		Leir/sandur	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
		Möl < 7cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Smágrýti 7-20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Stórgrýti >20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Klökk	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Djúp	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Staðsetning 28W 0390495  
UTM 7318812

Breidd : (m) 225

Árkafli	Snið	Fjarlægð frá bakka (m)	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	56	61	66	71	76	81	86	91	96	101	106	111	116	121	126	131
3	3	Dýpi	18	80	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
		Leir/sandur	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
		Möl < 7cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Smágrýti 7-20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Stórgrýti >20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Klökk	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Djúp	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Árkafli Snið  
3 1 til 3

	1	2	3	Meðaltal
Dýpi	91,1	95,3	97,8	94,7
Leir/sandur	96,6	100	100	98,9
Möl < 7cm	0	0	1,36	0,5
Smágrýti 7-20cm	0,69	0	0	0,2
Stórgrýti >20cm	2,63	0	0	0,9
Klökk	0	0	0	0,0
Djúp	0	0	0	0,0
Breidd	180	247	225	217,3

## Árkafli 4. Frá Heiðarenda upp að neðstahluta veiðisvæðis fyrir landi Tjarnar.

Staðsetning 28W 0390491  
UTM 7318248

Breidd (m)	45											Meðaltal	
Árkafli Snið	Fjarlægð frá bakka (m)	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	15	<b>78,8</b>
4	1 Dýpi	49	66	100	100	100	100	100	100	58	15	<b>78,8</b>	
	Leir/sandur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>	
	Mól < 7cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>	
	Smágrýti 7-20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>	
	Stórgrýti >20cm	100	100	20	0	0	0	0	0	0	0	<b>22</b>	
	Klökk	0	0	80	0	0	0	0	100	100	100	<b>38</b>	
	Djúp	0	0	0	100	100	100	100	0	0	0	<b>40</b>	

Staðsetning 28W 0390701  
UTM 7317484

Breidd (m)	51											Meðaltal	
Árkafli Snið	Fjarlægð frá bakka (m)	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	<b>Meðaltal</b>
4	2 Dýpi	60	100	100	100	100	100	100	100	80	61	30	<b>84,6</b>
	Leir/sandur	0	90	0	0	0	0	0	0	60	70	70	<b>29</b>
	Mól < 7cm	0	0	0	0	0	0	0	100	40	0	0	<b>12,7</b>
	Smágrýti 7-20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	30	30	<b>5,45</b>
	Stórgrýti >20cm	100	10	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>10</b>
	Klökk	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>
	Djúp	0	0	100	100	100	100	100	0	0	0	0	<b>45,5</b>

Staðsetning 28W 0390419  
UTM 7316481

Breidd (m)	47											Meðaltal
Árkafli Snið	Fjarlægð frá bakka (m)	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	<b>Meðaltal</b>
4	3 Dýpi	30	100	100	100	100	100	100	100	100	37	<b>86,7</b>
	Leir/sandur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>
	Mól < 7cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	100	<b>10</b>
	Smágrýti 7-20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>
	Stórgrýti >20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>
	Klökk	100	100	0	0	0	0	0	0	100	0	<b>30</b>
	Djúp	0	0	100	100	100	100	100	0	0	0	<b>60</b>

Staðsetning 28W 0390193  
UTM 7315492

Breidd (m)	78											Meðaltal						
Árkafli Snið	Fjarlægð frá bakka (m)	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	56	61	66	71	76	<b>Meðaltal</b>
4	4 Dýpi	21	90	100	100	100	85	66	45	90	100	100	100	100	19	96	100	<b>82</b>
	Leir/sandur	100	100	0	0	80	100	30	100	90	0	0	0	0	0	0	0	<b>37,5</b>
	Mól < 7cm	0	0	60	60	0	0	0	0	0	100	0	0	0	0	0	0	<b>13,8</b>
	Smágrýti 7-20cm	0	0	40	40	20	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	100	<b>12,5</b>
	Stórgrýti >20cm	0	0	0	0	0	0	70	0	10	0	0	0	0	100	100	0	<b>17,5</b>
	Klökk	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>
	Djúp	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	100	100	100	0	0	0	<b>18,8</b>

Staðsetning 28W 0389463  
UTM 7314625

Breidd (m)	64											Meðaltal				
Árkafli Snið	Fjarlægð frá bakka (m)	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	56	61	66	<b>Meðaltal</b>
4	5 Dýpi	20	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	85	45	18	<b>83,4</b>
	Leir/sandur	100	100	0	0	0	0	0	0	0	0	100	80	50	0	<b>30,7</b>
	Mól < 7cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	20	<b>1,43</b>
	Smágrýti 7-20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	20	50	80	<b>10,7</b>
	Stórgrýti >20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>
	Klökk	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>
	Djúp	0	0	100	100	100	100	100	100	100	100	0	0	0	0	<b>57,1</b>

Staðsetning 28W 0388656  
UTM 7314184

Breidd (m)	57											Meðaltal		
Árkafli Snið	Fjarlægð frá bakka (m)	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	56	<b>Meðaltal</b>
4	6 Dýpi	20	35	34	55	82	100	100	100	100	100	100	50	<b>73</b>
	Leir/sandur	0	0	0	100	100	100	0	0	0	0	0	0	<b>25</b>
	Mól < 7cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>
	Smágrýti 7-20cm	100	100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>16,7</b>
	Stórgrýti >20cm	0	0	100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>8,33</b>
	Klökk	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	100	<b>8,33</b>	
	Djúp	0	0	0	100	100	100	100	100	100	100	100	0	<b>66,7</b>



## Árkafli 5. Frá neðstahluta veiðisvæðis fyrir landi Tjarnarað Daufhyl.

Staðsetning		28W 03989572														
		UTM 7310206														
Breidd ár (m)		58														
Árkafli	Snið	Fjarlægð frá bakka (m)														
5	1	Dýpi	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	56	Meðaltal	
		Leir/sandur	35	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	35	89,2	
		Möl < 7cm	0	100	0	0	0	0	0	0	0	0	100	0	18,2	
		Smágrýti 7-20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
		Stórgryti >20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
		Klópp	100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	100	16,7	
		Djúp	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
			0	0	100	100	100	100	100	100	100	100	0	0	66,7	
Staðsetning		28W 0390011														
		UTM 7311100														
Breidd ár (m)		49														
Árkafli	Snið	Fjarlægð frá bakka (m)														
5	2	Dýpi	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	Meðaltal		
		Leir/sandur	30	50	100	100	100	100	100	100	100	50	30	78,2		
		Möl < 7cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0		
		Smágrýti 7-20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0		
		Stórgryti >20cm	100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	100	18,2		
		Klópp	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0		
		Djúp	0	100	100	0	0	0	0	0	100	100	0	36,4		
			0	0	0	100	100	100	100	100	0	0	0	45,5		
Staðsetning		28W 0390011														
		UTM 7311100														
Breidd ár (m)		49														
Árkafli	Snið	Fjarlægð frá bakka (m)														
5	3	Dýpi	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	Meðaltal			
		Leir/sandur	38	50	80	100	100	100	100	100	100	50	81,8			
		Möl < 7cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0			
		Smágrýti 7-20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0			
		Stórgryti >20cm	100	30	0	0	0	0	0	0	0	100	23			
		Klópp	0	70	100	0	0	0	0	0	100	0	27			
		Djúp	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0			
			0	0	0	100	100	100	100	100	0	0	50			
Staðsetning		28W 0390996														
		UTM 7308395														
Breidd ár (m)		43														
Árkafli	Snið	Fjarlægð frá bakka (m)														
5	4	Dýpi	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	Meðaltal			
		Leir/sandur	10	100	100	100	100	100	100	100	100	10	82			
		Möl < 7cm	100	100	0	0	0	0	0	0	100	100	40			
		Smágrýti 7-20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	100	10			
		Stórgryti >20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0			
		Klópp	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0			
		Djúp	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0			
			0	0	100	100	100	100	100	100	0	0	60			
Staðsetning		28W 0391513														
		UTM 7307543														
Breidd ár (m)		61														
Árkafli	Snið	Fjarlægð frá bakka (m)														
5	5	Dýpi	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	56	61	Meðaltal
		Leir/sandur	60	86	100	100	100	100	100	100	100	100	100	86	60	91,7
		Möl < 7cm	100	100	100	0	0	0	0	0	0	0	100	100	46,2	
		Smágrýti 7-20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
		Stórgryti >20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
		Klópp	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
		Djúp	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
			0	0	100	100	100	100	100	100	100	100	0	0	61,5	
Árkafli	Snið															
	5 1 til 5	Snið	1	2	3	4	5					Meðaltal				
		Dýpi	89,2	78,2	81,8	82	91,7						84,6			
		Leir/sandur	18,2	0	0	40	46,2						20,9			
		Möl < 7cm	0	0	0	10	0						2,0			
		Smágrýti 7-20cm	0	18,2	23	0	0						8,2			

## Árkafli 6. Frá Daufhyl að Grástraumi.

Staðsetning **28W 0391376**  
UTM 7307482

Breidd ár (m) **132**

Árkafli	Snið	Fjarlægð frá bakka (m)	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	56	61	66	71	76	81	86	91	96	101	106	111	116	121
6	1	Dýpi	39	65	70	68	80	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
		Leir/sandur	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
		Möl < 7cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Smágrýti 7-20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Stórgryti >20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Klökk	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Djúp	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Staðsetning **28W 0390899**  
UTM 7307603

Breidd ár (m) **222**

Árkafli	Snið	Fjarlægð frá bakka (m)	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	56	61	66	71	76	81	86	91	96	101	106	111	116	121
6	2	Dýpi	20	15	22	30	20	15	20	26	37	30	25	27	30	25	38	41	45	50	55	47	60	55	65	67	79
		Leir/sandur	50	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Möl < 7cm	50	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
		Smágrýti 7-20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Stórgryti >20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Klökk	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Djúp	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Staðsetning **28W 0390615**  
UTM 7307376

Breidd ár (m) **207**

Árkafli	Snið	Fjarlægð frá bakka (m)	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	56	61	66	71	76	81	86	91	96	101	106	111	116	121
6	3	Dýpi	12	90	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
		Leir/sandur	50	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Möl < 7cm	50	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
		Smágrýti 7-20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Stórgryti >20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Klökk	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		Djúp	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Árkafli	Snið	1	2	3	Meðaltal	
6	1 til 3	Dýpi	86,8	40,7	95,3	<b>74,3</b>
		Leir/sandur	100	1,47	2,38	<b>34,6</b>
		Möl < 7cm	0	98,5	97,6	<b>65,4</b>
		Smágrýti 7-20cm	0	0	0	<b>0,0</b>
		Stórgryti >20cm	0	0	0	<b>0,0</b>
		Klökk	0	0	0	<b>0,0</b>
		Djúp	0	0	0	<b>0,0</b>
		Breidd	132	222	207	<b>187,0</b>

## Árkafli 7. Frá Grástraumi að Vaðhólm.

Staðsetning		28W 0390519 UTM 7307166																											
Breidd ár (m)	7	76	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	56	61	66	71	76	Meðaltal										
	1	Dýpi	25	30	42	61	89	80	100	100	100	100	100	80	89	61	42	30	25	65,9									
		Leir/sandur	60	85	0	0	0	100	100	100	100	100	100	0	0	0	0	85	60	55,6									
		Möl < 7cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0									
		Smágrýti 7-20cm	40	0	100	90	100	0	0	0	0	0	0	100	90	100	0	40	41,3										
		Stórgryti >20cm	0	15	0	10	0	0	0	0	0	0	0	0	10	0	15	0	3,13										
		Klökk	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0										
		Djúp	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0										
Staðsetning		28W 0390477 UTM 7306820																											
Breidd ár (m)	7	92	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	56	61	66	71	76	81	86	91	96	Meðaltal						
	2	Dýpi	28	54	54	68	68	74	74	80	80	73	73	85	85	40	40	17	17	0	47	47	55,2						
		Leir/sandur	90	0	0	0	0	10	10	0	0	0	0	80	80	90	90	100	100	0	100	100	42,5						
		Möl < 7cm	0	20	20	20	20	0	0	10	10	20	20	0	0	0	0	0	0	0	0	0	7						
		Smágrýti 7-20cm	5	10	10	20	20	0	0	30	30	80	80	5	5	0	5	5	0	0	0	0	15,3						
		Stórgryti >20cm	5	70	70	60	60	50	50	60	60	0	0	15	15	0	0	0	0	0	0	0	25,8						
		Klökk	0	0	0	0	0	40	40	0	0	0	0	0	0	0	5	5	0	0	0	0	4,5						
		Djúp	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0						
Staðsetning		28W 0390577 UTM 7306301																											
Breidd ár (m)	7	146	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	56	61	66	71	76	81	86	91	96	101	106	111	116	121	Meðaltal	
	3	Dýpi	14	49	49	42	42	44	44	41	41	52	52	68	68	88	88	71	71	68	68	36	36	28	28	21	21	49,2	
		Leir/sandur	100	100	100	100	100	95	95	95	95	50	50	100	100	20	20	50	50	50	50	95	95	100	100	100	100	80,4	
		Möl < 7cm	0	0	0	0	0	5	5	5	5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	40	40	0	0	0	0	0	4	
		Smágrýti 7-20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	40	40	20	20	10	10	0	0	0	0	0	0	5,6	
		Stórgryti >20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	50	50	0	0	20	20	0	0	0	0	5	5	0	0	0	0	6	
		Klökk	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
		Djúp	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
Árkafli		Snið																											
	7	1 til 3	1	2	3	Meðaltal																							
		Dýpi	65,9	55,2	49,2	56,8																							
		Leir/sandur	55,6	42,5	80,4	59,5																							
		Möl < 7cm	0	7	4	3,7																							
		Smágrýti 7-20cm	41,3	15,3	5,6	20,7																							
		Stórgryti >20cm	3,13	25,8	6	11,6																							
		Klökk	0	4,5	0	1,5																							
		Djúp	0	0	0	0,0																							
		Breidd	76	92	146	104,7																							

## Árkafli 8. Frá Vaðhólma að Öseyri.

<b>Staðsetning</b>		<b>28W 0390587</b>																				
		<b>UTM 7306139</b>																				
<b>Breidd ár (m)</b>		<b>66</b>	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	56	61	66	<b>Meðaltal</b>					
8	1	Dýpi	28	55	80	100	100	100	100	100	100	100	100	80	55	28	<b>80,4</b>					
		Leir/sandur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>					
		Mól < 7cm	100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	100	<b>14,3</b>					
		Smágrýti 7-20cm	0	100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	100	<b>0</b>					
		Stórgrýti >20cm	0	0	100	0	0	0	0	0	0	0	0	100	0	0	<b>14,3</b>					
		Klökk	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>					
		Djúp	0	0	0	100	100	100	100	100	100	100	100	0	0	0	<b>57,1</b>					
<b>Staðsetning</b>		<b>28W 03904667</b>																				
		<b>UTM 7306028</b>																				
<b>Breidd ár (m)</b>		<b>51</b>	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	<b>Meðaltal</b>								
8	2	Dýpi	38	54	59	66	55	88	100	100	100	100	50	<b>73,6</b>								
		Leir/sandur	90	50	40	20	20	0	0	0	0	0	0	<b>20</b>								
		Mól < 7cm	10	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0,91</b>								
		Smágrýti 7-20cm	0	50	0	0	0	0	0	0	0	0	50	<b>9,09</b>								
		Stórgrýti >20cm	0	0	60	80	80	100	0	0	0	0	100	50	<b>42,7</b>							
		Klökk	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>								
		Djúp	0	0	0	0	0	0	100	100	100	0	0	<b>27,3</b>								
<b>Staðsetning</b>		<b>28W 0390469</b>																				
		<b>UTM 7305850</b>																				
<b>Breidd ár (m)</b>		<b>49</b>	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	<b>Meðaltal</b>								
8	3	Dýpi	15	80	85	100	100	100	100	100	85	80	15	<b>78,2</b>								
		Leir/sandur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>								
		Mól < 7cm	60	0	20	0	0	0	0	0	20	0	60	<b>14,5</b>								
		Smágrýti 7-20cm	40	0	0	0	0	0	0	0	0	0	40	<b>7,27</b>								
		Stórgrýti >20cm	0	100	80	0	0	0	0	0	80	100	0	<b>32,7</b>								
		Klökk	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>								
		Djúp	0	0	0	100	100	100	100	100	0	0	0	<b>45,5</b>								
		100																				
<b>Staðsetning</b>		<b>28W 0390467</b>																				
		<b>UTM 7305517</b>																				
<b>Breidd ár (m)</b>		<b>50</b>	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	<b>Meðaltal</b>								
8	4	Dýpi	22	58	80	100	100	100	100	100	80	58	22	<b>74,5</b>								
		Leir/sandur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>								
		Mól < 7cm	100	100	30	0	0	0	0	0	30	100	100	<b>41,8</b>								
		Smágrýti 7-20cm	0	0	70	0	0	0	0	0	70	0	0	<b>12,7</b>								
		Stórgrýti >20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>								
		Klökk	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>								
		Djúp	0	0	0	100	100	100	100	100	0	0	0	<b>45,5</b>								
		100																				
<b>Staðsetning</b>		<b>28W 0390508</b>																				
		<b>UTM 7304829</b>																				
<b>Breidd ár (m)</b>		<b>96</b>	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	56	61	66	71	76	81	86	<b>Meðaltal</b>	
8	5	Dýpi	22	42	45	45	40	50	70	64	60	66	65	65	72	72	50	80	38	19	<b>53,6</b>	
		Leir/sandur	0	30	0	0	0	0	30	20	80	30	50	50	70	70	0	0	0	0	<b>23,9</b>	
		Mól < 7cm	50	30	50	50	60	30	0	0	0	0	0	0	0	0	100	100	100	100	<b>37,2</b>	
		Smágrýti 7-20cm	50	40	50	50	40	70	60	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>20</b>	
		Stórgrýti >20cm	0	0	0	0	0	0	10	80	20	70	50	50	30	30	0	0	0	0	<b>18,9</b>	
		Klökk	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>	
		Djúp	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>	
<b>Árkafli</b>	<b>Snið</b>																					
	<b>8 1 til 5</b>		1	2	3	4	<b>5 Meðaltal</b>															
		Dýpi	80,4	73,6	78,2	74,5	53,6	<b>72,1</b>														
		Leir/sandur	0	20	0	0	23,9	<b>8,8</b>														
		Mól < 7cm	14,3	0,91	14,5	41,8	37,2	<b>21,7</b>														
		Smágrýti 7-20cm	14,3	9,09	7,27	12,7	20	<b>12,7</b>														
		Stórgrýti >20cm	14,3	42,7	32,7	0	18,9	<b>21,7</b>														
		Klökk	0	0	0	0	0	<b>0,0</b>														
		Djúp	57,1	27,3	45,5	45,5	0	<b>35,1</b>														
		Breidd	66	51	49	50	96	<b>62,4</b>														

## Árkafli 9. Frá Óseyri að Eiríkskleftri.

<b>Staðsetning</b>		<b>28W 0390638</b>																								
		<b>UTM 7303227</b>																								
<b>Breidd ár (m)</b>		<b>133</b>	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	56	61	66	71	76	81	86	91	96	101	106	111	<b>Meðaltal</b>
9	1	Dýpi	24	38	59	51	51	74	82	77	78	70	26	50	81	14	60	35	44	67	65	44	46	60	71	<b>55,1</b>
		Leir/sandur	100	70	100	40	75	100	100	95	100	100	100	100	60	100	100	60	0	50	80	60	10	60	100	<b>76,5</b>
		Mól < 7cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>
		Smágrýti 7-20cm	0	0	0	0	5	0	0	5	0	0	0	0	0	0	0	40	40	0	0	0	0	0	0	<b>3,91</b>
		Stórgryti >20cm	0	30	0	60	20	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	60	50	20	40	90	40	<b>21,4</b>
		Klökk	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>
		Djúp	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>
<b>Staðsetning</b>		<b>28W 0391057</b>																								
		<b>UTM 7304130</b>																								
<b>Breidd ár (m)</b>		<b>141</b>	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	<b>Meðaltal</b>												
9	2	Dýpi	38	54	59	66	55	88	100	100	100	100	50	<b>73,6</b>												
		Leir/sandur	90	50	40	20	20	0	0	0	0	0	0	<b>20</b>												
		Mól < 7cm	10	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0,91</b>												
		Smágrýti 7-20cm	0	50	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>50,909</b>												
		Stórgryti >20cm	0	0	60	80	80	100	0	0	0	100	50	<b>42,7</b>												
		Klökk	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>												
		Djúp	0	0	0	0	0	0	100	100	100	0	<b>27,3</b>													
<b>Staðsetning</b>		<b>28W 0391933</b>																								
		<b>UTM 7302747</b>																								
<b>Breidd ár (m)</b>		<b>172</b>	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	<b>Meðaltal</b>												
9	3	Dýpi	15	80	85	100	100	100	100	100	100	85	80	<b>15 78,2</b>												
		Leir/sandur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>												
		Mól < 7cm	60	0	20	0	0	0	0	0	20	0	60	<b>14,5</b>												
		Smágrýti 7-20cm	40	0	0	0	0	0	0	0	0	40	7,27	<b>7,27</b>												
		Stórgryti >20cm	0	100	80	0	0	0	0	0	80	100	0	<b>32,7</b>												
		Klökk	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>												
		Djúp	0	0	0	100	100	100	100	100	0	0	0	<b>45,5</b>												
<b>Staðsetning</b>		<b>28W 0392930</b>																								
		<b>UTM 7302850</b>																								
<b>Breidd ár (m)</b>		<b>229</b>	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	<b>Meðaltal</b>												
9	4	Dýpi	22	58	80	100	100	100	100	100	80	58	22	<b>74,5</b>												
		Leir/sandur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>												
		Mól < 7cm	100	100	30	0	0	0	0	0	30	100	100	<b>41,8</b>												
		Smágrýti 7-20cm	0	0	70	0	0	0	0	0	70	0	0	<b>12,7</b>												
		Stórgryti >20cm	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>												
		Klökk	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>												
		Djúp	0	0	0	100	100	100	100	100	0	0	0	<b>45,5</b>												
<b>Staðsetning</b>		<b>28W 0393489</b>																								
		<b>UTM 7302142</b>																								
<b>Breidd ár (m)</b>		<b>238</b>	1	6	11	16	21	26	31	36	41	46	51	56	61	66	71	76	81	86	<b>Meðaltal</b>					
9	5	Dýpi	22	42	45	45	40	50	70	64	60	66	65	65	72	72	50	80	38	19	<b>53,6</b>					
		Leir/sandur	0	30	0	0	0	0	30	20	80	30	50	50	70	70	0	0	0	0	<b>23,9</b>					
		Mól < 7cm	50	30	50	50	60	30	0	0	0	0	0	0	0	0	100	100	100	100	<b>37,2</b>					
		Smágrýti 7-20cm	50	40	50	50	40	70	60	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>20</b>					
		Stórgryti >20cm	0	0	0	0	0	0	10	80	20	70	50	50	30	30	0	0	0	0	<b>18,9</b>					
		Klökk	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>					
		Djúp	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>					
<b>Árkafli</b>	<b>Snið</b>																									
	<b>8 1 til 5</b>	1	2	3	4	5	<b>Meðaltal</b>																			
		Dýpi	80,4	73,6	78,2	74,5	53,6	<b>72,1</b>																		
		Leir/sandur	0	20	0	0	23,9	<b>8,8</b>																		
		Mól < 7cm	14,3	0,91	14,5	41,8	37,2	<b>21,7</b>																		
		Smágrýti 7-20cm	14,3	9,09	7,27	12,7	20	<b>12,7</b>																		
		Stórgryti >20cm	14,3	42,7	32,7	0	18,9	<b>21,7</b>																		
		Klökk	0	0	0	0	0	<b>0,0</b>																		
		Djúp	57,1	27,3	45,5	45,5	0	<b>35,1</b>																		
		Breidd	66	51	49	50	96	<b>62,4</b>																		

